

Mættir: Björn Sigurðsson formaður, Ingibjörg Helga Arnardóttir framkvæmdastjóri, Leifur Guðni Grétarsson mótastjóri, Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir, Bjarney Guðbjörnsdóttir, Guðrún Pálsdóttir, Hörður Oddfríðarson Ritari og Viktoría Gísladóttir gjaldkeri

Afboða, mæta ekki : Júlía Þorvaldsdóttir varaformaður og Árni Stefánsson

Fundur 04.03 2025 settur kl. 18.30

1. Fundargerð síðasta fundar

Farið var yfir fundargerð síðasta fundar og hún samþykkt

2. Mót og starfsemi

- a. Úthlutun aukafjárveitingar frá afrekssjóði var kunngjörð þann 12. Febrúar. Af þeim 637 milljónum sem fara í hin ýmsu verkefni tengd afreksstarfi var úthlutað rétt tæplega 300 milljónum beint til sérsambanda. SSÍ fékk 16,3 m.kr og heildarúthlutun okkar fyrir árið 2025 verður því um 50. m.kr
- b. Fundurinn fór að langmestu leiti í undirbúning sundþings sem haldið verður í húsakynnum SÁÁ laugardaginn 29. mars n.k :
 - a. Farið var yfir þingskjöl fundarins og dagskrá
 - b. Farið var yfir að senda málefni frá félögum sem lögð verða fyrir þingið.
 - c. Bókhalði fyrir árið 2024 verður lokað í vikunni og farið yfir í næstu viku.
 - d. Verkefnum á stjórnarfolk verður útteild við lokafrágang þinggagna.
 - e. Farið var yfir hugmyndir að meðlimagjöldum sem lögð verða fyrir þingið. Framkvæmdastjóri og formaður vinna málið áfram.
 - f. Farið var yfir lagabreytingar sem gera þarf til að aðlaga lög okkar að lögum ÍSÍ og World Aquatics.
 - g. Skýrslur og fundargögn verða send á Bjarneyju til prófarkalestrar.
- c. Framkvæmdastjóri og yfirmaður landsliðsmála fara á fund með ÍTR og ÍBR í dag til að fara yfir aðstöðumál í sunlaugum Reykjavíkur.

3. Fundargerðir og skýrslur innan SSÍ

Farið var yfir fundargerð dómarafundar nr: 130

4. Aðsend bréf :

Dags	Efni	Sendandi
16.feb	Fyrri fundarboð Íþr þing ÍSÍ og þingfulltrúar	ÍSÍ
5.mars	Fréttatilkyning Líney endurkjör	ÍSÍ
4.mars	TECHNICAL OFFICIALS PATHWAY & APPOINTMENTS RULES	WA

5. Félagaskipti

Nafn:	Fyrri félag:	Nýtt félag:	dags. mótt.	Tekur gildi
Margrét Anna Lapas	Sd Breiðabliks	ÍRB	11/2 2025	13/3 2025

6. Staðfesting meta / afreka

Engin met

7. Önnur mál:

- a. Formaður, framkvæmdastjóri og yfirmaður landsliðsmála fóru fyrr í dag á kynningarfund hjá KSÍ til að kynnast starfi sambandsins betur en KSÍ er lang stærsti sambandsaðili innan ÍSÍ.

Ekki fleira rætt og fundi slitið kl: 20.30